

Nr. 078 / 10 Fjöður GK 90**Strandar í Fuglavík**

Skipaskr.nr. 6489
Smíðaður: Hafnarfirði 1980 plast
Stærð: 8,74 brl. 7,58 bt.
Mesta lengd: 9,67 m Skráð lengd: 9,55 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,06 m
Vél: Yanmar 191 kW 1997
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Fjöður©Emil Páll Jónsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2010 var Fjöður GK 90 á siglingu í Miðnessjó. Veður: Logn

Formaðurinn hafði verið á veiðum rétt sunnan við Hausinn um 24 sml NV frá Sandgerði og var á landleið úr róðrinum. Á siglingunni sofnaði hann við stjórnina og báturinn strandaði kl. 17.02 í Fuglavík rúma eina sjómílu sunnan Sandgerðishafnar.

Björgunarbátur frá Björgunarsveitinni Sigurvon í Sandgerði dró síðan Fjöður GK á flot og inn til hafnar í Sandgerði eftir að féll undir hana að nýju.



Fjöður á strandstað©Víkurfrettir/HBB

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt STK kerfi var sigld stefna 135° og siglingahraði 7,4 hnútar þegar báturinn strandaði;
- að formaðurinn taldi að hann hafi sofnað um klukkustund áður en hann sigldi upp í fjöruna en það hafi komið værd yfir hann í logninu. Hann hafi ekki orðið var við neina breytingu á siglingunni fyrr en högg kom á bátinn;

- að báturinn er búinn dýptarmæli með dýpisaðvörun sem ekki var höfð virk og GPS staðsetningatæki en ekki kortarita með kortagrunni. Ekki var ratsjá í bátnum;
- að formaður sagðist hafa vakað í 14 stundir áður en hann blundaði. Hann hefði sofið illa nóttina áður og var frekar þreyttur þegar hann fór á sjó kl. 03:00. Lagði hann af stað til hafnar kl 14:00;
- að skemmdir urðu á hældrifi og botni en einnig kom gat inn í olútank;
- að djúprista var um einn metri og afli í sjóferðinni um 300 kg;
- að formaður lét þess getið að eftirleiðis myndi hann virkja dýpisaðvörun í dýptramæli til öryggis ef hætta er á að svona aðstæður skapist.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að stjórnandi bátsins sofnaði.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipstjórnarmenn fari ávallt vel hvíldir í sjóferð og nýti allar viðvaranir sem siglingatæki bátanna eru búin.